

Fundur haldinn í Framkvæmdaráði Almannavarna Árnessýslu (A.Á.) þann 28. september 2020 kl. 14:30 í fundarsal Brunavarna Árnessýslu.

Mættir eru: Ásta Stefánsdóttir (ÁS), formaður, Sólveig Þorvaldsdóttir (SP), varaformaður og Pétur Pétursson, framkvæmdastjóri Almannavarna Árnessýslu og Haukur Grönli, varaslökkviliðsstjóri Brunavarna Árnessýslu. Einnig sátu fundinn í fjarfundi Aldís Hafsteinsdóttir (AH) og Kjartan Þorkelsson, lögreglustjóri Suðurlands og Björn Ingi Jónsson, starfsmaður Almannavarnadeildar lögreglustjóra.

Fundargerð ritaði Aldís Hafsteinsdóttir.

Hér var gengið til dagskrár.

1. Fjárhagsáætlun ársins 2021.

Fjárhagsáætlun lögð fram óbreytt frá fyrra ári. Ekki er gert ráð fyrir neinum breytingum á rekstri og engum hækkunum á einstökum liðum. SP lagði fram tillögu sem fól ekki í sér breytingar á fjárhæðum heldur breytingar á fyrirkomulagi og verkefnum starfsmanns Almannavarna á vegum lögreglu og almannavarna á Suðurlandi.

Fjárhagsáætlun borin undir atkvæði og samþykkt með tveimur atkvæðum gegn atkvæði SP, fulltrúa Árborgar, sem gerði grein fyrir atkvæði sínu með vísun til tillögunnar. Tillaga SP er meðfylgjandi fundargerð þessari til upplýsingar fyrir héraðsnefndarfulltrúa sem munu taka endanlega ákvörðun um fjárhagsáætlun ársins 2021 á haustfundi sínum.

2. Fundur Almannavarnanefndar árnessýslu á haustmánuðum 2020

Samþykkt að bíða með ákvörðun varðandi haustfund Almannavarnanefndar Árnessýslu þar til mál skýrast varðandi Covid 19. Stefnt er að kynningarfundum með nefndarmönnum og nýjum starfsmanni Almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra þar sem rætt yrði um fyrirkomulag starfsins og mögulegar áherslubreytingar á því þegar ráðning hefur farið fram.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:30.

Ásta Stefánsdóttir

Sólveig Þorvaldsdóttir

Aldís Hafsteinsdóttir

Kjartan Þorkelsson

Björn Ingi Jónsson

Pétur Pétursson

Haukur Grönli